

G J A L D S K R Á

yfir efnarannsóknir er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.

1. gr.

Gjöld fyrir almennar efnarannsóknir, sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast, skulu vera sem hér segir.

Fóðurmjöl:

Framleiðslusýnishorn: (Vatn, fita, protein og salt) kr. 850.00

Einstakar efnagreiningar:

Vatn	— 165.00
Salt	— 190.00
Protein (Kjeldahl)	— 400.00
Fita	— 260.00
Aska	— 165.00
Ammoníak	— 165.00
Sandur	— 220.00
Kalcium	— 300.00
Fosfór	— 300.00
Meltanlegt protein	— 675.00
Lysine nýtanlegt	— 1 350.00
Natrium nitrit	— 450.00
Nitroso-dimethylamin	— 840.00
Óbundnar fitusýrur í mjölfitu	— 300.00
Sýrustig pH	— 150.00

Útflutningssýnishorn:

Fyrir mjölmagn að 100 tonnum	— 1 100.00 (vottorð kr. 225.00)
Fyrir mjölmagn frá 100 að 500 t.	— 1 425.00 (— — 225.00)
Fyrir mjölmagn frá 500 tonnum	— 1 650.00 (— — 225.00)
Fyrir útflutningssýnishorn á síldarmjöli eða loðnumjöli bætast kr. 450.00 vegna ákvörðunar á natrium nitrit.	

Aminosýrur:

- | | |
|---|------------|
| a) Lysine, Histidine, Ammonia, Arginine, Aspartic Acid, Threonine, Serine, Glutamic Acid, Proline, Glycine, Alanine, Valine, Isoleucine, Leucine, Tyrosine og Phenylalanine | — 3 750.00 |
| b) Methionine og Cystine | — 2 250.00 |
| Fullkomin Aminosýrugreining | — 6 000.00 |

Lýsi:

A-vitamin, bein mæling	— 265.00
A-vitamin, með Morton & Stubb leiðrétt	— 800.00
Óbundnar fitusýrur	— 165.00
Sýrutala	— 165.00

Joðtala	kr.	340.00
Sáputala	—	390.00
Ósápuhæft	—	700.00
Eðlisþyngd (Pyknometer)	—	255.00
Peroxið gildi	—	300.00
Litur (Lovibond einingar)	—	150.00
Vatnsinnihald með Toloul eimingu)	—	255.00
Vatn og óhreinindi (í skilvindu)	—	150.00
Ljósbrof (Refractive Index)	—	190.00
Natrium sápa	—	300.00
Fyrir útflutningssýnishorn bætast kr. 225.00 fyrir vottorð.		

Salt:

Klorid (titer)	—	255.00
Kalcium	—	315.00
Magnium	—	315.00
Sulfat	—	315.00
Óleysanlegt í vatni	—	315.00
Raki og bundið vatn	—	315.00
Járn	—	315.00
Kopar	—	315.00
Fullkomin efnagreining	—	1 875.00

Síld:**I. Undirbúningsvinna:**

a) Síld lengdarmæld, viktud, hausskorin, slóg-dregin, flökuð og hökkuð	—	525.00
b) Síld lengdarmæld, viktud, hausskorin, slóg-dregin og hökkuð	—	375.00
c) Síld vigtuð, flökuð og hökkuð	—	300.00
d) Síld lengdarmæld, viktud og hökkuð	—	150.00

Fyrir undirbúningsvinnu af 50 síldum eða færri greiðist hálf gjald.

II. Efnagreiningar:

Fita	—	260.00
Salt	—	190.00
Vatn	—	165.00

Einstakar efnagreiningar:

Trimethylamin (T.M.A.)	—	400.00
Alginsýra	—	750.00
Kvikasilfurs ákv. á matvælum	—	1 000.00

Smásjárrannsóknir:

Einföld rannsókn, án litunar	—	115.00
Einföld rannsókn, með litun	—	225.00
Greining á spunaefni	—	225.00
Greining á spunaefni + vigt	—	340.00
Talning í smásjá	—	340.00

kr. 300.00

Gerlarannsóknir:

Talning við ræktun, eins konar	kr.	265.00	
Talning við ræktun, tvenns konar	—	415.00	
Talning við ræktun, þrenns konar	—	565.00	
Colitíter, 6 glös	—	210.00	
Colitíter, 10 glös (forpróf) eða M.P.N.	—	265.00	
Coligreining (eftir forpróf)	—	115.00	— 315.00
Talning, eins konar + colitíter, 6 glös	—	415.00	
Talning, eins konar + colitíter M.P.N.	—	450.00	
Talning, tvenns konar + colitíter M.P.N.	—	600.00	
Talning, tvenns konar + colitíter forpróf	—	600.00	
Salmonella (kvalitatívt próf)	—	525.00	— 900.00
Stafylókokkar (Coagulase próf)	—	375.00	
Talning í uppþvottavatni (+ þrúfuglös)	—	210.00	
Undirbúningur sýnishorna (þrúfuglös, hökkun, mólun o. fl.)	—	45.00	— 195.00

Mjólkurannsóknir o. fl.:

Litprófun (reduktase)	—	105.00	
Storchs-prófun	—	75.00	
Fosfataseprófun I	—	90.00	
Fosfataseprófun II	—	340.00	
Katalase í smjöri	—	165.00	
Eðlisþyngd m/flotvog	—	75.00	
Eðlisþyngd m/pyknometer	—	255.00	
Feiti (Gerber) mjólk og rjómi	—	75.00	
Feiti (Gerber) rjómaís	—	115.00	
Sýrustig (titration)	—	75.00	
Þurrefni	—	165.00	
Klórítíter í mjólk	—	165.00	
Fritt klór í vatni	—	115.00	
Skyngmat (organoleptic test)	—	115.00	— 300.00

Niðursuðuvörur:

Framleiðslusýnishorn (vatn, salt, pH, vigt o. fl.)	—	200.00	
Geymsluþol (pH, vigt, dós o. fl.)	—	60.00	
Vottorð	—	115.00	— 225.00

2. gr.

a) Gjald fyrir efnarannsóknir, sem ekki eru tilgreindar í þessari skrá, ákveðast með hliðsjón af sambærilegum rannsóknnum eða í samræmi við þann tíma og kostnað, sem slíkar rannsóknir krefjast.

b) Gjaldskrá sú, er að framan greinir, miðast við, að rannsókn fari fram hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins án óeðlilega mikils undirbúnings á sýnishornum þeim, sem rannsökuð eru.

3. gr.

Þegar sýnishornataka á útfluttu mjóli eða lýsi er á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, greiðast kr. 300.00 fyrir hvert sýnishorn auk launa starfsmannsins, sem annast sýnishornatökuna.

Þegar sýnishornataka á útfluttum niðursuðuvörum er á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, greiðast aðeins laun starfsmannsins og ferðakostnaður.

Starfsmenn Fiskmats ríkisins annast þessar sýnishornatökur undir eftirliti Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og með þeim tækjum, er Rannsóknastofnunin lætur þeim í té.

4. gr.

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá, ef um er að ræða fyrirfram sammingsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni, er hafa vísindalegt eða almennt hagnýtt gildi.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá yfir efnarannsóknir, er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast frá 8. júlí 1969.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. júlí 1972.

Lúðvík Jósepsson.

Gylfi Þórðarson.

REGLUGERÐ

um kennslu í fávítastofnunum.

1. gr.

Þeir vistmenn fávítahæla, sem eru á fávíta- eða vanvítastigi (imbecil eða debil) að greindarþroska, skulu njóta kennslu við sitt hæfi frá og með fjögurra ára aldri. Sama skal gilda um þá örvíta, sem að dómi sérfræðinga virðast geta haft gagn af slíkri kennslu.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið felur sálfræðingi eða öðrum sérfróðum aðila að kanna greindarþroska vistmanna fávítahæla og skila um það greinargerð til ráðuneytisins. Skal sú könnun gerð árlega, að því er tekur til nýrra vistmanna. Að öðru leyti skal könnunin endurtekin svo oft sem þurfa þykir, en þó eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti fram til þess, að vistmaður nær 20 ára aldri.

3. gr.

Að því er tekur til kennslu fávíta og vanvíta (greindarvísitala 25--74 u. þ. b), 4urra--19 ára að aldri, skal miða skipulag kennslunnar við það, að hver kennari kunni að jafnaði 8 nemendum samtímis. Fjöldi vikulegra kennslustunda á hvern nemanda skal nema að jafnaði 20 stundum. Kennslustundafjöldinn er breytilegur eftir aldri, þroska, skapgerð og heilsu vistmanna, og skal hann í öllum venjulegum tilvikum eigi vera lægri en 12 og eigi hærri en 24 vikustundir.

Þegar talað er um kennslustund eða stund í reglugerð þessari, er átt við, að lengd þeirra nemi 40 mínútum.

Kennsluskylda kennara á fávítastofnunum skal vera hin sama og kennara vangefinna samkvæmt kjarasamningum eða dómi kjaradóms, þ. e. $\frac{4}{5}$ af kennsluskyldu almennra barnakennara. Samkvæmt þessu og ákvæðum 1. mgr. kemur að jafnaði einn kennari á hverja 12 vistmenn, sem þessi gr. tekur til.